

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Áfangaheiti BHR 701 Kennsluáætlun 4. Önn vor 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 1		

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er yfir gerð tölvustýrikerfa, staðsetningu íhluta, hlutverk þeirra og virkni kerfanna. Skoðaðar eru aðferðir til að prófa kerfin bæði með sveiflusjá og skanna. Farið er yfir hvaða atvik eða bilanir geti vakið bilanakóða og hvernig staðið skuli að viðgerð kerfanna. Áhersla lögð á hvað má og má ekki í umgengni við kerfin.

Markmið:

Nemandi þekki: Helstu gerðir tölvustýrikerfa hreyfla. Helstu íhluti og hvar þeir eru í ökutækinu. Hvað má og má ekki í umgengni við kerfin.

Nemandi geti: Lýst helstu gerðum tölvustýrikerfa hreyfla og virkni þeirra. Lýst hvernig greina má einfaldar bilanir sem tengjast tölvustýrikerfum hreyfla. Sinnt reglubundnu viðhaldi og skipt um íhluti kerfa.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

Tækni upplýsingar framleiðenda.

Rafmagn og rafrásir.

Áætlun um yfirferð:

Farið yfir námsefni lotunnar, fjallað um ýmsar gerðir tölvustýrikerfa, staðsetningu íhluta, hlutverk þeirra, virkni kerfanna og viðgerðir og viðhald þeirra. Skoðaðir íhlutir bæði lausir og í ökutækjum. Fjallað um ýmsar gerðir innsprautunnar kerfa. Nemendur vinna verkefni þar sem þeir skoða merki frá afgasnema og sveifarásskinjara ásamt merkjum frá fleiri nemum bæði með sveiflusjá og skanna framleiðenda. Fjallað um prófunar og mælitæki sem notuð eru við rafbúnað ökutækja, til dæmis sveiflusjá við greiningu á upplýsingum í stýrikerfum véla. Rætt um hvernig nemendur skoðuðu með sveiflusjá virkni nema í verkefni fyrir í lotunni. Farið er yfir hvaða atvik eða bilanir geti vakið bilanakóða og þann möguleika að kóðinn sé villandi. Hvernig staðið skuli að viðgerð kerfanna með áherslu á hvað má og má ekki í umgengni við kerfin. Upprifjun á námsefni lotunnar og lokapróf. Til að verkefni gildi til lokaekinnunar verða nemendur að ná að lágmarki 5 á lokaprófi.

Verkefni:

Nemendur vinna eitt tímaverkefni og eitt verklegt einstaklings verkefni. og þreyta lokapróf.

Námsmat og vægi námsþátta:

verklegir þættir 40%. Loka próf og skrifleg verkefni 40% . Ástundun 20%.

Annað:

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna. Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk. Áskilin er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils